

Fimmtudaginn 27. september 1990.

Nr. 221/1988. **Ragnar Aðalsteinsson hrl.**
f.h. Schmalbach Lubeca AG
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Gerðaröst hf.
(Kjartan Ragnars hrl.).

Lausafjárkaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 18.023,04 vestur-þýsk mörk með 9% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1. apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 198,30 vestur-þýsk mörk í bankakostnað svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mál þetta var samkvæmt dómsgerðum dómtekið í héraði hinn 19. nóvember 1987, en ekki 11. nóvember 1987, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Óumdeilt er, að Sölustofnun lagmetis pantaði hjá áfrýjanda umbúðir þær, sem mál þetta snýst um. Stefndi hefur mótmælt því, að hann hafi falið stofnuninni að panta fyrir sig vörur þessar, og kveður ekkert samningssamband hafa myndast milli sín og áfrýjanda. Áfrýjandi hefur ekki hnekkð þessari staðhæfingu stefnda. Þá hefur ekki heldur verið hnekkð þeirri fullyrðingu stefnda, að andmælum vegna kröfugerðar áfrýjanda á hendur honum hafi verið komið á framfæri við Sölustofnun lagmetis, en upplýst er í málinu, að hún átti að fá umboðslaun úr hendi áfrýjanda vegna umræddrar þöntunar. Þegar til þessa er litið, eru ekki efni til að taka kröfur

áfrýjanda til greina. Samkvæmt því verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Rétt þykir að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 75.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Schmalbach Lubeca AG, greiði stefnda, Gerðaröst hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 16. desember, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 23010/1986: Indriði Þorkelsson hdl. f.h. Schmalbach Lubeca AG gegn Gerðaröst hf. á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. nóvember sl., hefur Indriði Þorkelsson héraðsdómslögmaður, Ármúla 26, Reykjavík, höfðað fyrir dómnum f.h. Schmalbach Lubeca AG, Schmalbachstrasse 1, Braunschweig, Sambandslýðveldinu Þýskalandi, á hendur Gerðaröst hf. (2583-8416), Garði, Gullbringusýslu, til greiðslu kaupverðs rækjuumbúða auk vaxta og kostnaðar.

Þann 20. febrúar 1985 pantaði Sölustofnun lagmetis áldósir undir rækjur hjá stefnanda, Schmalbach Lubeca AG, fyrir stefnda. Þann 29. mars s.á. staðfesti stefnandi pöntunina við stefnda. Þann 17. apríl 1985 gaf stefnandi út reikning, að fjárhæð 18.023,04 þýsk mörk, með gjalddaga 17. maí 1985. Þann 21. apríl 1985 sendi stefnandi vörurnar með skipi áleiðis til Íslands. Þann 11. maí sama ár var gefið út farmskírteini, og þann 16. s.m. sendi stefnandi nauðsynleg skjöl, þar á meðal farmskírteini og reikning, til Landsbanka Íslands. Innheimtutilraunir Landsbankans urðu árangurslausar. Vörurnar voru aldrei leystar út úr tolli. Þann 2. júlí 1986 krafði stefnandinn, Indriði, stefnda um greiðslu skuldarinnar ásamt vöxtum og innheimtukostnaði fyrir hönd stefnanda.

Þann 30. júní sl. var hrundið kröfu stefnda um frávísun málsins vegna rangs varnarþings.

Í söluskilmálum stefnanda er ákvæði um varnarþing í Þýskalandi, en úrskurður um synjun frávísunarkröfu er byggður á því, að stefnandi sé ekki bundinn af einhliða ákvæðum um varnarþing, sem hann setur í eigin þágu í viðskiptaskilmálum sínum.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 18.023,04 þýsk mörk ásamt 9,5% ársvöxtum frá 17. maí 1985 til 1.

apríl 1986, en með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 198,30 þýsk mörk í bankakostnað og málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi, að fjárhæð kr. 123.803,80, sem stefnandi telur bera dráttarvexti frá dómsuppsögu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að komist hafi á kaupsamningur milli aðilanna fyrir milligöngu Sölustofnunar lagmetis, sem sé umboðsmaður stefnda í þessu sambandi, stefnandi hafi uppfyllt samningsskyldur sínar, en stefndi hafi brugðist skyldum sínum með því að greiða ekki kaupverðið. Af hálfu stefnda er byggt á því, að um umsýsluviðskipti sé að ræða, Sölustofnun lagmetis hafi gert samninginn í eigin nafni fyrir reikning, en þannig, að hann bindi ekki stefnda.

Framkvæmdastjóri stefnda hefur gefið aðilaskýrslu fyrir dóminum, og framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis hefur borið vitni. Þá hefur verið lagt fram bréf stefnanda til Sölustofnunar, þar sem fram kemur, að stefnandi og Sölustofnun hafa átt viðskipti frá árinu 1983. Stefnandi hefur sent próforma reikning, farmskírteini og flutningskírteini til umboðsaðila Sölustofnunar í Þýskalandi. Frá 1985 hafa vörureikningar verið sendir beint til Gerðarastar, 3 alls, 2 verið greiddir, en sá, sem um er krafið í málinu, ekki. Í telexskeyti Sölustofnunar til stefnanda, dags. 5. júní 1986, kemur fram ítrekuð yfirlýsing um, að Sölustofnun ábyrgist greiðslu samkvæmt samningnum.

Því hefur verið hreyft af hálfu stefnanda, að stefndi hafi glatað hugsanlegum rétti til að bera fyrir sig aðildarskort með tómlæti, en ekki hafa komið fram gögn um, að hann hafi verið krafinn greiðslu fyrr en með innheimtubrési.

Starfsemi Sölustofnunar lagmetis byggist á ákvæðum laga nr. 58/1981. Ágreiningslaust er, að Sölustofnun annast umsýsluviðskipti fyrir framleiðendur lagmetis, að því er varðar útflutningsstarfsemi hennar, en ágreiningur er með aðilum um, hvort innflutningur í þeirra þágu teljist umsýsluviðskipti eða umboðsmennska. Samkvæmt e-lið 2. gr. laga 58/1981 skal Sölustofnun lagmetis annast sameiginlegan innflutning fyrir aðila stofnunarinnar, eftir því sem óskað er, og leitast við að tryggja aðildarverksmiðjunum þær umbúðir, sem nauðsynlegar eru. Umsýsluviðskipti geta, hvort heldur er, verið fólgin í því, að umsýslumaður selji eða kaupi vörur af þriðja manni fyrir umsýsluveitanda fyrir hans reikning til að koma á viðskiptum milli umsýsluveitanda og þriðja manns, en þó skapast að jafnaði ekki beint réttarsamband milli þeirra aðila, heldur verður umsýslumaðurinn bundinn gagnvart þriðja manni vegna þeirra löggæringa, sem hann gerir í skjóli umsýslu-

samningsins. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að beint réttarsamband hafi myndast milli aðila málsins, en hins vegar ber stefnda að lokum að standa skil á verði umbúðanna samkvæmt ákvæðum laga 58/1981.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en jafnframt þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gerðaröst hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Indriða Þorkelssonar hdl. f.h. Schmalbach Lubeca AG.

Málskostnaður fellur niður.
